

Hámark misskiptingarinnar

Þótt misskipting auðs og tekna hafi ágerzt í mörgum löndum hverju fyrir sig síðustu ár, hefur jöfnuður aukizt um heiminn á heildina litið. Þetta er engin þversögn heldur á þetta sér eðlilegar skýringar. Mest munar um þau hundruð milljóna Indverja og Kínverja sem hefur tekizt að hefja sig upp úr sárri fátækt fyrri tíðar í krafti framfara í hagstjórn og hagskipulagi.

Í heiminum öllum búa nú næstum átta milljarðar manns, þar af einn milljarður í hátekjulöndum, sex milljarðar í miðlungstekjulöndum og einn milljarður í lágtekjulöndum. Undangenginn mannsaldur hefur mikill fjöldi manns flutzt úr lágtekjuflokknum upp í miðlungstekjuflokkinn, lýðheilsa hefur batnað og [líf manna lengzt](#). Kínverjar lifa nú lengur en Bandaríkjamenn að jafnaði. Fyrir 60 árum var munurinn 26 ár Bandaríkjamönnum í vil.

Eigi að síður er gæðum heimsins mjög misskipt eins og birtist okkur nú tilfinnanlega í heimsfaraldrinum sem þróunarlönd hafa miklu lakari skilyrði til að verjast en rík lönd. Skoðum heimsálfurnar fyrst. Nú hafa sex af hverjum 100 íbúum Norður-Ameríku fengið bólusetningu, þrír af hverjum 100 Evrópumönnum, færri en einn af hverjum 100 íbúum Asíu og Suður-Ameríku og færri en einn af hverjum 1.000 íbúum Afríku. Þessi munur stafar einkum en þó ekki eingöngu af því að bóluefnin er framleidd fyrst og fremst í ríkum löndum sem neyta lags til að tryggja sér forgang.

Förum land úr landi. Ísrael á heimsmetið: þar hafa 36% mannfjöldans nú fengið sprautu borið saman við 14% í Bretlandi, 8% í Bandaríkjunum, 3% í Danmörku og á Íslandi, 2,5% í Svíþjóð og 2% í Noregi skv. tölum sem [New York Times](#) hefur eftir [rannsóknurum í Oxford-Háskóla](#) á Englandi. Eins og Ísland nota flest löndin bóluefni frá Pfizer, eða 52, og næstflest frá Moderna, eða 14. Brezka bóluefnið Oxford-AstraZeneca er notað í níu löndum, þ. á m. Brasilíu og Indlandi auk Bretlands sjálfs. Rússneska bóluefnið Gamaleya (Sputnik V) er notað í Serbíu, Alsír og Argentínu auk Rússlands. Kínverska bóluefnið Sinovac er notað í Indónesíu, Tyrklandi og Brasilíu auk Kína.

Upplýsingar um hversu langan tíma það mun taka að bólusetja nægan fjölda fólks til að ná hjarðónæmi eru enn á reiki enda eru framleiðslu- og dreifingarátlanir lyfjafyrirtækjanna einnig á reiki. Tímasetningar ráðast ekki eingöngu af framboði bóluefna heldur einnig af dreifingu þeirra auk annars. Við þekkjum vandann í öðru samhengi. Sagan sýnir að hungursneyðir stafa næstum aldrei af fæðuskorti heldur af skipulagsskorti, styrjöldum og annarri óáran.

Þótt bólusetningar gangi hægar en vonir stóðu til hefur einnig hægt á faraldrinum um heiminn á heildina litið, a.m.k. í bili, en samt ekki alls staðar. Dauðsföll af völdum veirunnar nálgast nú [2,3 milljónir](#) í heiminum öllum, þar af fimmtungur í Bandaríkjunum, eða tæplega 460 þúsund sem er [meira mannfali](#) þar en af völdum heimsstyrjaldarinnar síðari. Enn deyrja tveir til þrír Bandaríkjamenn á hverri mínútu sólarhringsins af völdum veirunnar.

Einu löndin þar sem dauðsföllin á hverja 1.000 íbúa hafa verið fleiri en í Bandaríkjunum eru Belgía, Slóvenía, Bretland, Tékkland, Ítalía og Bosnía-Hersegóvína ef örríkin Gíbraltar og San Marínó eru undan skilin. Einn af hverjum 720 Bandaríkjamönnum er nú þegar fallinn í valinn borið saman við einn af hverjum 540 Belgum. Til samanburðar misstu Bandaríkin einn af hverjum 150 íbúum landsins í spænsku veikinni 1918-1920 og Belgar trúlega einn af hverjum 380.